# Viljinn

gefinn út af

Lestrarfjélagi

Miklabæjarsóknar

III árgangur

III blað 10. janúar 1907

Ritstjóri Jónas Jónasson

Brekkukoti

# Vísur

Ef að Viljann vori að sjá
vafinn skrúða sínum
eitthvað miðla meiga þá
menn af auði sínum

— — —

Ber ei getur brölt um fold
buddunna með tóma,
hann því myndi hníga að mold
heljar bundinn dróma.

— — —

Okkur skömm það veri víst
Viljinn ef að felli
hörð fram þegar hríðin brýst
hor dauður að velli.

— — —

Heldur skulum leggja lið
litlum dreng-um-fara,
höfðinganna höfum sið
honum neitt ei spara.

G. B.

# Á gamlárskveld 1900.

1. Nú er þessi öld á enda
en hin nýja fer í hönd
hvort mun heldur hún oss senda
hagsæld, eður skulda bönd
líf eður dauða, lán eða böl
ljóssins blíðu, myrkra kvöl
framför eða framför enga
frelsi eða kreppu-strengja.

2. Vonum góðs og vantum blíðu
vonum þess allt gangi vel
vori hver þá standi í stríði
stöðvast muni þrauta jel
Allt hið verða enda fer
en hið góða færist nær
Vantum sigurs frelsi frama
og fáll oss verði þá til ama.

3. Treystum því að land og líður
lifni og batni á nýrri öld

Treystum því að fagur friður
Fábreisbringur hvíta gjöld
Treystum guði, trúum því
að til vor komi hann enn á ný
Treystum því að blómin björtu
beti niður öll hin svörtu.

4. Fælum burt ófrelsisanda
framförina byggjum á,
látum engann okkar landa
yfir gefa oss héðan í frá,
elskum fríða fóstur jörð
faðm er hún ill né hörð.
Fjallkonan er frjásöm móðir
flýjum ekki bræður góðir.

5. Höfum félagsskap að skildi
sköpum okkur sverð af trú,
bræðralag er brinju í gildi
beijast þarf af kappi nú.
Áfram bræður áfram þið
ekki meigið snúa við.

auðnan vís er ykkur talinn
erviðleikar falla í valinn.

6. Með nýrri öld þarf nýtt að starfa
nú er tími kominn sá
að vinna eitthvað oss til þarfa
sem endurreisa landið má.
Bændur þurfa að byrja á því
búhyggjindi finna ný
á þeim byggjist allt hið sama
er vellíðan skapar manna.

7. Auðinn munu ef laust finna
ef hanns leitar drengja val
hann er aflið harða og slinna
hlutar hvers er gjöra skal
Stríðandi okkur mest
er að fanga slíkann gest
án hans meigum ekki vera
ef eitthvað mikið þarf að gera.

G B.

## Hver ráð eru hentugust til að bæta kynferði, meðferð og hirðing búpenings vors.

Í fyrra vetur skrifaði ég í Viljann ofur litla grein um fjárskoðanir og áleit eg þá að þær væru mjög gagnlegar og nauðsynlegar, ef þær væru vel og haganlega gjörðar og þessa sömu skoðun hefi eg enn. Nú gleður það mig sannarlega, að sjá þess glögg merki, að fleiri en eg hafa þessa skoðun og skal eg til þess nefna sóknarprestinn okkar Björn Jónsson, sem nú í öðru tölublaði Viljans, hefur farið nokkr-um orðum, um þetta atriði. Eg er yfir leitt sömu skoðunar í þessu máli og presturinn, hvað öll aðal atriði snertir og er því kanski óþarfi af mér, að rita meira um það mál, en þareð eg er einn af þeim sem aldrei þykir góð vísa of opt kveðin og af því eg var búinn að fast ráða það við mig, að minnast á þetta í Viljanum, legg eg út á djúpið í því trausti að mig beri einhver staðar að landi.

Fyrst vil eg leggja fyrir mig þessa spurningu. Er nokkur þörf á að bæta kynferði, meðferð og hirðing búpenings vors? Þessari spurningu svara eg hiklaust játandi, því hvernig sem eg skoða það og velti því fyrir mér get eg ekki fundið annað en að þess sé full þörf. Hvernig er þá útlit skepnanna í þínum augum munu menn spyrja og skal eg nú leitast við að skýra frá því.

Sauðfénaður vor er yfirleitt lítill magur og illvendur, ullar lagið er mest tog og illhærur, það er óhraust og kvilla samt og reynist ljett þegar á metin kemur, og þetta allt stafar frá vondu kynferði, illri hirðingu og slæmri meðferð. Nautpeningur er líka smár vexti og fremur ljótur og alltur fjöldinn af þeim mestu strittur, þetta stafar mest megnis af kynferðinu, því víða mun tiltölulega betur farið með þá en sauðféð. Hrossa kynið er að sínu leiti best og það má víða sjá hér fallega hesta og hryssur og hirðing þeirra má heita allgóð, sem stafar meðfram frá þeirri einföldu ástæðu að þau hirða sig að mestu leiti sjálf. Af þessu má nú sjá, að hér er dálítið sem þarf að lagfæra og sem eflaust

er hægt að lagfæra, en með hverju sú lagfæring verður heppin leg ætl skal eg síðar minnast á.
Það er nú vafa laust að allflestir fjáreigendur, þurfa að taka sína skiptum sem eg svo kalla, það er að leggja meiri stund á að bæta kynferði bú-peningsins, hirðingu hans og alla meðferð en þeir hafa gjört að undan förnu. Það er margt stórt og smátt innifalið í þessum fremur atriðum og skal eg hér að eins nefna fátt af því, því eg hvorki atla mér og get heldur ekki, kennt öðrum neitt í fjárræktar-fræði, heldur veitti mér ekki af að fá leiðbeiningar í þeirri grein og sé eg ekki eptir nokkrum aurum, já jafnvel krónum fyrir slíkar leiðbeiningar en allt fyrir það atla eg að minnast á fáein atriði sem allir sjá eða ættu

ad geta séd, ad þörf er á og hægt
er ad endurbæta.
Þá vil eg fyrst byrja á saudfénu
bædi af því ad mér er annast um þad
og af því mér finnst mest þörf á
endurbótum á því.
Þegar ræda er um kynbætur á saudfé
er margt sem þarf ad athuga, algengast
er ad menn fái sér kynbóta kindur ad
einkum hrúta og er því áríðandi ad
velja þá vel, þessi einkenni er talid
ad gódir hrútar eigi ad hafa, ad þeir
séu stórir og hraustlegir, med stórt höfud
ennid breitt en snoppan löng nasirnar
fláar, augun stór og raudbrúsleit, bakid
heldur stutt en breitt og eins bringann
og bilid milli bóganna og bringunnar
sem allra minnst, pungurinn sídur og
vel lodinn, med útsleginn kvid ad nedan
en ekki uppdreginn hryggurinn sem kallad er

bagga vömb, ullin heldur stutt og
þelmikil, en ekki síd og togmikil því
þá er hún ætíd þynnri og minni ~~og~~
og yfir þad heila tekid mikid verri
og svo á hrútunum ad vera holdgódir
fríðir og fallegar á velli og sumir segja
ad hann eigi ad vera illsvíra
Margt hid sama gildir og um kynbæta
ær eda hrúta mædur.
Ef ad hver fjáreigandi hefdi þad nú
hugfast ad velja sér sem besta hrúta
hvort heldur hann fær þá ad, eda tekur
þá af sínu eigin fjárkyni, væri væfad
mikid spor stigid í umbóta áttina
en þad er ekki svo vel ad þetta sé
almennt, heldur er hitt alltéins
algengt, ad menn hafa hrút bara
undan einhverri ánni sinni án
tillits til þess hvort hún er ljót eda
falleg, velvaxin eda illa vaxin, þeim

er nefnilega alveg sama hvernig hrút-
urinn er ad af hvada kyni. Sumir
hafa þann illa og óbrúkandi vana
ad brúka lambhrúta til ánna tíma
þeir athuga þad ekki, ad med því
eydi leggja þeir opt góð hrúta efni
og spilla stórum med því fjárkyni
sínu, því þad er full sannad ad fé
undan lambhrútum er mjög veiklad
og óhraust. Sumir álíta þad vont ad
brúka gamla hrúta og segja ad
lömbin verdi smærri undan þeim.
Eg get dálítid borid um þad af eigin
reynslu og held eg þad hafi vid lítid
ad stydjast, eg hef brúkad hrút sem
var á fimmta vetur og fekk bædi stórt
og heilsa gott fé undan honum
og hygg því ad þad gjöri ekki til þó
hrútar nái þeim aldri, en þá þarf
andvikad ad fara vel med þá og

brúka þá lítid framanaf, eins og
allkend ætti ad gjöra hvort sem þeir
eru látnir verda gamlir eda ekki
Nóg brúkun er á veturgömlum hrút
ef hann er hafdur handa 15 ám og
hæfilegt mun vera handa fullornum
25 ær. Gott fódur þurfa líka hrútar ad
hafa, helst tódu, eins er med ær ad
þær þurfa ad hafa gott fódur einkum
um medgöngu tímann, allt slíkt fær
madur vel endur goldid.
Mjög deildar meiningar eru um þad
hvort betra sé ad ær beri seint eda
snemma ad vorinu, en eg fyrir mitt
leyti er ekki í neinum efa um þad
og vil eg heldur ad þær beri snemma
og ástædurnar fyrir því eru þessar:
Ad lömbin verda miklu stærri ad haustinu
og gjöra því meira ef þau eru lögd
ad velli, og tala ekki um þær sem

fært er frá, er það ætíð betra að beri snemma, því að þau lömb sem seint eru borin og tekin svo undan, verða aldrei vænar skepnur. Ærnar verða líka að mínu áliti vænni að haustinu ef þær bera snemma að vorinu og mun það koma til af því, að þær mjólki minna seinni part sumars, en þá munu sumir segja, að þeir tapi við það mjólk og smjöri, en eg segji að þeir fái það endurgoldið í kjöti og tólg ef þeir lóga ánni, en ef hún er látin lifa þá kemur það fram í fóðr-uninni hvað hún verði ljettari, eg vil því helst að ærnar beri á 4 og 5. sumarvikunni. Eitt er líka það að vor-lamba dauði er miklu minni ef snemma ber, sem kemur til af því, að ef mikill gróður er kominn þegar ærin ber, verður mjólkin miklu þykkri og óhollari

fyrir lambið og þau leifa þá opt í þeim, sem vel getur orsakað dauða þeirra því ef mjólk situr stöðugt í júfrinu skemmist hún og lömbunum fer best að ef þau hafa að eins nóg úr móðurinni. Eg get því ekki betur séð þegar á allt er litið, en að betra sé að ær beri heldur snemma heldur en seint. auðvitað er það að menn verða að vera vel byrgir með hey ef snemma ber að vorinu, því við búið er að meira þurfi að gefa, en slíkt ætti ekki að gjöra neitt til þá menn settu svo á að þeir væru vel byrgir hvernig sem viðraði.

Eg er nú orðinn tölu vert langorður um þetta og skal því láta staðar numið, en með fáum orðum vil eg minnast á meðferð og hirðing sauðfjárins það er víst öllum ljóst, að góð meðferð

og hirding fjárins getur mikið bætt kyn þess og er því mjög áríðandi fyrir þá sem vilja eiga gott fé, að fara sem best með það, um hina er ekki að tala, sem hafa það fyrir mark og mið, að kvelja það sem mest; þeim hlotnast líka sú ánægja, að eiga aldrei góða kind. Yfir leitt er það álit mitt, að ekki sé farið svo vel með fé sem skyldi, þótt sumstaðar sé óneitanlega farið laglega með það, og það lítur sannarlega út fyrir að sumir sem hafa fjárgeimslu á hendi séu mjög fáfróðir í þeirri grein og séu ekki starfinu vel vaxnir, en aptur á móti þekki eg nokkra menn sem eg er sannfærður um að eru góðir fjármenn og starfið eiginlegt.

Um kynbætur nautgripa get eg lítið sagt, því eg er fáfróður í því sem öðru en þó atla eg að segja álit mitt um það. Eg álít að mikið mætti bæta kúa kynið, ef að því væri veru lega gaumur gefinn og kálfar hvort heldur væru kvígur eða bola kálfar aldrei aldir uppi nema undan bestu kúm og ef maður á ekki góða kú sjálfur þá að fá kálfana að.

Helstu einkenni á mjólkur kúm eru þessi: Höfuðið frítt og kvenlegt, augun blíð en þó hraustleg, snoppan mjó granirnar breiðar, nasirnar fláar og ennið breitt, hálsinn stuttur og gildur jamt aptur að bógum og sé þar lítið þynnri en þeir, brjóst kassinn stór og gjörðar holið yfir það heila tekið mikið, liða mótin á fótunum stór en leggirnir mjóir, malirnar breiðar og speldið breitt og jamt niður á júra hára lagið fínt og slétt, húðin laus og þunn.

blóðæðarnar sem ganga frá júrinu stórar og í bugðu og stórt gat þar sem þær ganga inní magálinn, bilið á milli kjálkanna mikið og konungsnefið ekki náin. Það væri ekki neitt á móti því þó menn hefðu þessi einkenni í huga, þegar velja á kvígu kálf til lífs. Um meðferð og hirðingu á nautgripunum verð eg fá orður, en eg ætla að eins að segja það, að eg held að víða sé nautpeningi gefið allt of lítið og þar af leiðandi séu afurðirnar ekki eins miklar, eins og þær gætu verið. Kýr sem eru í velgóðri nyt veitir ekki af að hafa 32 merkur í mál af góðri töðu og viðhaldsfóður handa kú í geldstöðu er talið 12 merkur í mál þó er það mismunandi hvað kýr þurfa til viðhalds og fer það nokkuð eptir vexti þeirra og þrifum

Hirðing kúnna er mjög ábótavant því víða eru fjósin ill, kýrnar óhreinar uppá hrygg og mjög ógeðslegar útlits. Þetta og margt fleira spillir kúnum sem einmitt þurfa nákvæma hirðing og gott atlæti, en því er opt og tíðum ekki heilsa einkum hvað atlætið snertir því það lítur svo út sem kýrnar eigi fáa vini, því allir vilja helst vera lausir við að hirða þær eða skipta sér nokkurn hlut af þeim, þótt slíkt sé mjög undarlegt. Almenningi veitti því ekki af, að fá góðar leiðbeiningar viðvíkjandi nautgripa ræktinni og það þyrfti að komast því inn hjá verkalýðnum að það sé full heiðarleg staða að hirða kýr því á meðan það er gjört með hangandi hendi og ólund er ekki við

neinum framförum að búast í
þeirri grein.
Um kynbætur hrossa alla eg
ekkert að segja, því það er hlutverk
nefndar þeirrar sem til þess var kjörin
og svo gaf sýslunefndin út skjal
því viðvíkjandi.
Þá held eg að sé nú komið að
því að eg reyni að svara spurningunni
sem þessi ritgjörð byrjar á og skal
eg nú gjöra það eptir því sem
eg hef best vit á og er það hyggja
mín að helstu ráðin séu fjárskoð-
anir og fjársýningar, sé skynsam-
lega að farið og skal eg nú láta
í ljósi hvernig eg hefi hugsað
mér þessar fjárskoðanir og fjársýn-
-ingar. Fjárskoðun sú sem
lögin á kveða er að mínu áliti
einkisnýt eða jafnvel verri en

að hún væri engin, það er að segja
þegar hún er framkvæmd í þeim
anda og þeim tilgangi, sem orðið
hefur ofaná undan farna vetur, því
þá hefur ekki verið hugsað um annað
en að hlýðnast lögunum að yfirborðinu
og í öðru lagi að kosta hér um bil
engu til, en það þarf enginn að
hugsa sér að fjárskoðun sem gjörð
væri af nákvæmni og skynsemd
verði gjörð án kostnaðar, nei langt
frá, hún mun bæði kosta tíma
og peninga, ef hún á að verða að
gagni, en sá tími og þeir peningar
munu án efa margfalt borga sig
eða hvað haldið þið t.d. að hver
kind þurfi mikið að batna til þess?
Við skulum nú sjá; Gjörum ráð
fyrir að ein fjárskoðun kosti oss
60 krónur við verjum öðrum 60 kr

sé varið til verðlauna á fjársýninga
allt svo 120 kr, ekki er nú upphæðin
smá! Jæa eg gjöri nú ráð fyrir
að svo sem 6000 fjár séu í hreppnum
eða sem svari 60 búendum sem eigi að
meðaltali 100 kindur hver og leggjum
svo 2 aura á hverja kind, skyldi
það ekki láta nærri að það yrði 120 kr
jú eg held það, og þá er nú upphæðin
fengin og svo mætti líka leggja fá-
eina aura á hvern stórgrip ef þetta
reyndist ekki nóg. Það munu nú
margir segja, að nóg útgjöld séu af
skepnunum, þó þetta bætist ekki við.
Ó já, nýlega er nú böðunar kostnaðurinn
fallinn á, og hann er víst þetta frá
6–8 aurar á kind og eru nú all flestir
hættir að mögla yfir honum og ekki
kinoka menn sér við að láta baða

setja 100–200 fjár og kostar það þá
rúma 3 aura á kind, menn sjá líka
að þetta hvortveggja borgar sig vel
en munu þá ekki 2 aurar á kind
sem varið er til að bæta kyn með ferð
og hirðing fjársins borga sig vel. Jú
vissu lega. Gjörum nú ekki mjög háar
kröfur til umbótanna, segjum að
hver kindar kroppur verði 1 ℔ þyngri
og mör ½ ℔ og ull ¼ pundi og mun
þetta þá verða sem næst því að gjöra
40 aura, allt svo gefa hverjir 2 aurar
af sér 40 aura eða hverjar 120 kr.
2400 kr, það er þá dálagleg upphæð.
Þá munu nokkrir koma með þá mót
báru, að engir séu færir til að hafa
þessa fjárskoðun á hendi, eða til þess
að dæma verðlaun fyrir framúrskarandi
skepnur, því þekkinguna vanti til þess.

en eg alla þá ad spyrja hina sömu
ad því, hvort allir séu jafn fródir eda
jafn vitlausir í því, sem lítur ad
fjárrækt, og ef þeir svara mér nei
þá segji eg takid þá sem álitlegastir eru
fyrir skodunarmenn og verdlauna dóm-
endur, því ad minnsta kosti geta
þeir eitthvad leidbeint þeim sem
lakast eru ad sér í því efni.

Þad er því uppá stunga mín ad
valdir séu þeir menn til fjárskodunar
sem menn álíta best færa til þess
hvort sem þeir heldur eru bændur, lausam.
eda vinnumenn, því hver stadan sem
er getur ekki haft neina þýdingu, og
látum þá skoda nákvæmlega allar skepnur
og gefa oss allar þær leidbeiningar og
upplýsingar sem þeir geta, vidvíkjani
kynferdi, medferd og hirdingu fjárins, og

borgum þeim sómasamlega fyrir starf
sitt, og álít eg heppilegast ad lagt sé
auragjald á hverja skepnu sem skodud
er, og ad farid sé eptir þeim tölum sem
skýrslur skodunarmanna sýna, en ekki
eptir framtölum. Skodunarmenn þurfa
líka ad semja nákvæma skýrslu yfir
skodunina, sem hafi inni ad halda
nákvæma lýsingu af ásigkomulagi
fjárins ásamt einkunnum yfir þessi
þrjú atridi kynferdi, medferd og hirding.
Skýrslur þessar ættu svo ad lesast
upp á opinberum fundi.

Einnig álít eg þad mjög heppilegt
ad fjársýningar væru haldnar einu
sinni á ári og ad nokkru fé væri
varid til verdlauna, slíkt gæti vakid
keppni á medal fjáreigenda.

Menn mega ekki alltaf hirfa í

kastnadinn, ef eitt hvad þarf ad gjöra
til um bóta eda framfara, heldur þvert
á móti vera fúsir til fjárframlaga
þegar audséd er ad þau marg borga
sig; þad væri því vel til fallid ad
hreppsnefndir, sem hafa yfir ráð yfir
hreppssjódnum gengju vel fram í
slíku, því þad er skökk skad um
ad vera spar á hreppsfénu þegar
ræda er um þarfleg fyrirtæki
Ad svo búnu enda eg þessar
línur, med þeirri von og þeirri ósk
ad vér sem nú lifum og erum
ad heilsa nýja öldinni, stígum
eitt spor í þessu til liti í fram
fara áttina.

Gísli Björnsson

# Um sund

Það hefur harla opt verið viður-
kennt bæði fyr og síðar, hve gagnleg
og skemmtileg íþrótt sundlistin
er, enda mun hún vera töluvert
almenn, víðast hvar í hinum mennt-
aða heimi. En einnig hjer — einsog í
svo fjöldamörgu — erum við Íslendingar
á eptir nágranna þjóðum vorum, og
er það þó mjög undarlegt, þegar þess
er gætt, að forfeður vorir, voru hinir
mestu sundgarpar, og þótti þá, sá lep-
ast maður með mönnum, sem ekki
kunni sund. Þegar þess er gætt að
þjóð vor hefur frá því fyrsta átt að
stríða við margar ár, og illar yfir-
ferðar, og optast ekki átt völ á betri
flutningsáhöldum en þeim, að verða
að byggja alla lífsvon sína, á þrekki
og þoli — ef til vill — útigengins hests.

Og enn þegar þess er gætt, að töluverð-
ur hluti þjóðarinnar hefur stundað
hinn hættulega atvinnuveg við sjóinn,
-fiskiaflan- með eins illum útbúnaði og
Íslendingar hafa gjört. Nú þegar við
athugum allt þetta, sýnist þá sannar-
lega ekki kominn tími til ~~þt~~ þess
að fara aptur að iðka hina gömlu og góðu
íþrótt- sundið-. Þetta hefur litla ögn
verið reynt, því í nokkrum sýslum
landsins, mun vera veitt dálítið af opin-
beru fje til sundkennslu. En þetta er
aðeins í mjög smáum stíl, og yfir höfuð
að tala, mun mjög lítill áhugi vaknaður
fyrir nytsemi sundsins. Einnig hjer
hjá oss ~~hefur~~ hefur sundkenslan far-
ið fram nokkur undanfarin ár, enda
mun óhætt að fullyrða, að hjer sje hinn
besti sundkenslustaður, -að Reykjavík-
urlaugunum undanskildum.
En árlega hefur sundkennsla þessi
verið illa sótt, og mörg var liðið svo að
ekkert sund hefur verið kennt.

Og víst er um það, að ekki hafa Blöndhlíð-
ingar gefið fyrirtæki þessu mikinn
gaum; því öll þessi ár, sem sundkennsl-
an hefur farið fram, hefur í mesta lagi
5-6 unglingum verið komið hjeðan
til ~~sun~~ að nema sund, og er það æði
lítið úr sveitafjelagi sem hefur jafn
góða aðstöðu við sundkennsluna og
Blöndhlíðingar. En af hverju kemur
þetta? Er það af því að menn áliti
ekki til neins að læra sund; að það
geti ekki gjört neitt gagn? Sje svo,
er það hin mesta fjarstæða, því
hversu opt heyra menn það, að einn
eða annar hafi drukknað í sjá kannske
rjett við landsteinana; eða í einhverri
ánni, hjer eða þar á landinu. Hefur
ekki mörg móðirin fellt margt tárið
útaf því að missa son sinn- ef til
vill
þann eina, sem hún treysti á hjer í
heimi- aðeins fyrir það að hann kunni
ekki sund? Hefur ekki ekki mörg
ekkjan farið á vonarvöl, og mart barnið
orðið munaðarlaust fyrir sama tilfelli?

Geta ekki dæmi þau sem til þess
eru, að menn bjargi sjer á sundi, ~~sam-~~
sannfært oss um það, að sundið sje
nauðsynlegt? Eða er það af því að
menn álíti það þann ókljúfandi
kostnað, að það sje ekki gjörandi
þessvegna? Það held jeg að væri ekki
rjett skoðað; því þetta er kennsla,
sem jafndýrt er borgað, hvort sem
nemendurnir eru fleiri eða færri;
kennsla! sem hver einstakur þarf
ekki öðru til að kosta, en tíma þeim,
sem til þess gengur að læra sundið,
og mun flestum nægja hálfsmánaðar
til þriggja vikna, til þess, að geta með
æfingu orðið allgóður sundmaður.
Og þetta er það, sem flestir ættu að geta
veitt sjer, ekki síst þegar tekið er
tillit til, þess að hæfilegastur tími til
sundnámsins er 14 til 18 ára aldur.
og því tapið minna, en það væru
menn, sem ynnu fyrir fullkomnu
kaupi. Menn verða að geta þess að með
því að nota sundkennsluna, notum
við þá peninga, sem við höfum borgað

úr okkar eigin vasa: Notum þá peninga
sem að mínu áliti geta gjört ~~mikið~~ mörgum
gagn, en verða máske einum til tveimur
mönnum að hag, ef sundkennslan er
lítið notuð. Að mínu áliti, ætti það að
vera siðferðisleg skylda allra foreldra,
sem mögulega geta komið því við
að láta börn sín læra sund. Það er
álitin skylda að uppala börn sín, sem
best, veita þeim sem mesta uppfræðslu
og stuðla að því eptir megni að þau
geti orðið sem nýtastir menn í mann-
fjelaginu. Álitin skylda að afstýra
öllu því sem veikt getur heilsu þeirra
eða á nokkurn hátt stytt líf þeirra.
Yfir höfuð að tala; ala þau þannig upp
að þau geti átt sem besta og lengsta
framtíð fyrir höndum. Því ætti það
þá ekki einnig að vera skylda, að láta þau
læra sund, sem í svo fjöldamörgum
tilfellum getur verið til þess, að þau
með því bjargi lífi sínu eða annara.
Það er því alvarleg áskorun mín, til
ykkar foreldrar, að svo framarlega sem
ykkur sje annt um framtíð barna

barna ådar, þá kenndið þeim sund. Því
aldrei getið þjer vitað nema það geti ~~kom~~ b
bjargað lífi þeirra. Fyr eða síðar, og það
máské áðurenn þjer fallið frá.
En það er aðeins eitt, sem menn verða
að athuga þessu viðvíkjandi, sem er það
að sundið er íþrótt, sem fljótt gleymist
og þarf því stöðugs viðhalds. Það er
ekki nóg, að fara til sundkennslustað-
arins, og læra sund, ef menn koma
svo kannské sjaldan eða aldrei í vatn
þaðan af. En einmitt þetta er svo mikl-
um erviðleikum bundið fyrir oss
Blönduhlíðinga, og hefur það að líkindum,
með fram stuðlað til þess að við höfum
ekki notað sundkennsluna betur en við
höfum gjört, þar sem svo má heita, að
ekki sje á öðru vatni völ til að æfa sig
í-en Vötnunum og er það hvorutveggja
að þau eru langt of köld til slíkra æf-
inga, og líka eru óvíða hentugir staðir
til þess. Það hefur líka átt sjer stað
allt að þessum tíma, sú óheppilega

aðferð, að hleypt hefur verið út sund-
lauginni, strags og sundkennslan hefur
verið úti, og menn því ekki haft annan
tíma til að æfa sig, en þann stutta tíma
sem sundkennslan stendur yfir
En mjög er líklegt, að slíkur ósiður
leggist sem fyrst niður því á meðan
svo er, er valla von að sundið nái
almennri útbreiðslu, og komi að þá
tilætluðum notum En þá svo færi, er
það ekki nóg, því það er æfinlega
nokkrum ~~erfið~~ erviðleikum bundið, að
þurfa að fara svo langt og yfir vatns-
föll til sundæfinganna. Mjer sýnist
því að við þyrftum sjálfir að eignast
dálítinn sundpoll, og það álít jeg að
við gætum gjört. Því þó hjer sje að
líkindum ekki ~~að~~ um neina volga
laug að gjöra, sem hægt væri að
búa til sundpoll úr, þá er það engin
frágangssök, því hjer eru lækir sem
verða volgir í góðu veðri á sumrin, og
mætti nota þá til slíkra æfinga,

og álít jeg að við stæðum jafnvel, þá við gæfum sitt dagsverkið hver, til þess að koma upp gyrðingu á heppilegum stað, sem hægt væri að veita vatni í til sundæfinga. Jeg efast hreint ekki um það, að fyrirtæki þetta gæti orðið til mikills gagns, og skemmtunar fyrir okkur, því það mætti ganga að því vísu, að slíkir staðir yrðu mjög fjölsóttir, í góðu veðri á sunnudögum að sumrinu. Því eins og sjest af sögum vorum, þótti sund og sundleikir hin besta skemmtun, og efast jeg alls ekki um það, að eins myndi okkur þykkja nú, ef við á annaðborð færum að æfa sundið. Við höfum fengið það orð á okkur að vera framkvæmdalitlir, og fastheldnir við gamlar venjur, og gæti því þetta orðið til þess, að reka af okkur ámælisorðið, og auka álit vort í augum annara sveitafjelaga, og gefið þeim gott eptirdæmi, því það er ekki svo að skilja

að Blöndhlíðingar einir þurfi sundlaugar við: Þess þurfa öll sveitafjelög sem nokkra rækt vilja leggja við sundið, og kappkosta, að það komi að tilætluðum notum. Menn mega ekki gleyma því, að sundið er holl líkamshreifing, sem styrkir taugar og vöðva, hreinsar hörundið, og styrkir mótstöðuafl líkamans á móti skaðlegum áhrifum, sem snögg umskipti hita og kulda geta haft í för með sjer. Jeg býst nú við, að sumir kunni að anda þungt undir þessari kenningu og segja sem svo, að þeir haldi að menn deyi þegar tíminn sje kominn, hvort sem þeir kunni sund eða ekki; en slíkt er mótbára, sem ekki hefur við nokkur rök að styðjast. Því til hvers væri að kosta lækna, fyrir marga tugi þúsunda króna, ef sú skoðun væri rjett að

maðurinn deii á einhverjum ákveðnum tíma, eða með öðrum orðum: að hverjum manni veri ákveðið „skapadægur“ sem hann hlyti að kveðja heiminn á, hvort sem honum veri leitað til læknishjálpar eða eigi. En jeg vona að fæstir af yður skrifi undir þessa „skapadægurs“ skoðun, því hversu opt höfum vjer ekki sjeð sjúkling sem auðsjáanlega veri dauðans herfang að litlum tíma liðnum, en sem verðar aptur albata, fyrir hjálp góðs læknis. Sama er að segja um sundið, að svo framarlega sem maðurinn hafi þau skilyrði, sem til þess þarfa, að bjarga sjer á sundi, svo hlýtur hann að gjöra það.

Jeg ber nú það traust til margra þeirra, sem lesa þessar línur að þeir kannist við hve nauðsynlegt sundið er. Og veldi jeg mælast til þess að fleiri tekju til máls og

gjetu „Viljann“ flytja skoðanir sinar í þessu máli, því jeg álít að þetta sje það málefni sem vel sje þess vert að því sje gaumur gefinn, og eitt fáeinum augnablikum til þess að hugsa um það.

Jakob Hansson

## Lesið

Eru fríðar yndælar
öllu stríði frá hverfar
ástar blíðu blandaðar
Blöndu hlíðar stúlkurnar

Hýr
Hjúskapar til hentugir
hraustir mjög og duglegir
biðja þeirra bráðlátir
Blönduhlíðar drengirnir

G. B.

# Það sem jeg elska

1. Jeg elska blómið í þessum reynsluskóla,
Sem þrífst í hinni köldu sorgar hjúp.
Og eitt er fegurst eitt en lítinna bóla
Með augun blá sem kyrlátt vatna djúp.
Annað ljóðin angur hulin blænum,
Af anda kvæðin þeim er vel jeg skil.
Þau leið mjer vísa lífs á köldum sænum
Svo landsins rjetta næ jeg þyrni til.

2. Og eitt er hann sem græðir sárin sáru.
Og svalan veitir þyrstum ferðaheim
Jeg elska hann sem kefir kvala báru
Og kastar geislum yfir dimman heim
Já hann sem er af andans sjónum ríkur
Þar ætíð mína harmabirði ljett.
Það er svefninn – unaðs engli líkur
Er öllum sýnir hvört þær bregla rjett.

3. Því þegar hjartað særa sorg og þrautir
Og svarta myrkur hylur lög og fold.
En allir vegir verða þyrnibrautir.
Og vonir – æsku – hyggjast kaldri mold:
Þá líður þú sem ljós í dimma heiminn
Og leysir sál úr fjötrum jarðar á
Og flýgur síðan sólar uppí geiminn,
Þar sjest ei skuggi eða þoka grá

4. Og þá mjer allir „góðir“ vinir gleyma
Og gætla skinið reynist dauft og valt
En aleinn jeg um eyðimörku sveima
Og enginn neisti vermir hjartað kalt.
Þá svæfir þú mig sætt og lætur dreyma
Um sólarhita, ást og von og frið
Svo börnin – sem að brjóst mitt átti að gleyma
En blíknuð von – lífna aftur „við“

5. Já þú sem flýgur fyrða með og svanna
Í fögur lönd er sjálfur til þú býrð.

Og þú sem bátur hálda helið kanina
Og himnaríkis sínir fögru dýrð.
Ó tak mig nú í faðm þinn Jarmi
vinur
Og fljúgðu burt ~~...~~ frá spillinganna
straum
Já þangað semað önd min
aldrei stynur
Og alveg gleymir heimsins vonda glaum.

Jónas Jónasson.

---

Frú A. „Hvernig líkar þjer við nýju nágrannana“

Frú B. „Ágætlega! Börnin okkar eru hreinustu englar í samanburði við þeirra börn“

Gesturinn á járnbrautarstöðinni)
„Hvernig stendur á því að jeg á að borga steikina áður en jeg fæ hana“

Veitinm. Nú skiljið þjer það ekki steikin verður sem sje ekki tilbúin fyr en þjer eruð farnir.

Sýtt.